

Fundur haldin í stjórn fjallskiladeild Bólstaðarhlíðarhrepps á Hóli 18. ágúst 2012

Dagskrá.

1. Bréf frá Einari Kolbeinssyni
2. Fjárhagsáætlun
3. Gangnaboð
4. Önnur mál

Erindi bréfsins er ósk um aðstoð við smölun Bólstaðarhlíðar og Botnastaðalands.

Fer bréfitari fram á að smölun Botnastaðalands verði metin fjögur dagsverk og smölun landsins verði í heild kostuð að fjallskikasjóði.

Bólstaðarhlíðarland verði metið til átta dagsverka og verði sex dagsverk kostuð af Fjallskilasjóði.

Smölun beggja jarðanna verði í umsjón bréfitara sem er eigandi að hluta og umsjónamaður landsins.

Tillaga stjórnar er að greitt verði fyrir fjögur dagsverk vegna Bólstaðarhlíðar og tvö vegna Botnastaða.

Vinna vegna fjárhagsáætlunar tefst vegna rangra upplýsinga frá Búnaðarskrifstofu um bústofn.

Byrjað var að jafna niður göngum en stefnt að því að klára það á næsta fundi.

Rætt var um viðhald á hólfi í Þverárdal, nátthaga við Hlíðarrétt og mól sem þarf að setja inn í Hlíðarrétt.

Fleira ekki gert og stefnt að fundi á mánudagskvöldið 20. 8. 2012.

Guðm. Rúnar.

Guðm. Valtýsson.

Jakob Sigurjónsson.